



# Almennir skilmálar

**NTI EHF**

---

01-01-2024

NTI ehf.  
Ármúli 8, 2h.  
108 Reykjavík, Ísland

## 1 KYNNING (INTRODUCTION)

- 1.1 Þessir skilmálar eiga við NTI ehf. kennitala 630418-0700, Ármúli 8, 108 Reykjavík, Ísland, sem hér eftir er nefnt „NTI“ og viðskiptavininn „Viðskiptavinur“.
- 1.2 NTI og viðskiptavinur er hvor um sig nefndur „Aðili“ og sameiginlega „Aðilar“.
- 1.3 Þessir skilmálar gilda um allar þjónustur og vörur sem NTI veitir. Á það við um ráðgjöf, hugbúnað, almenna þjónustu, tækniþjónustu, tæknilega aðstoð, námskeið og vélbúnað. Óháð því hvort notandinn er viðskiptavinur, samstarfsaðili viðskiptavinar eða samstarfsaðili sem NTI hefur valið.
- 1.4 Verði ósamræmi milli samnings sem gerður er milli NTI og viðskiptavinar og þessara almennu skilmála eða annarra viðauka við samninginn skal samningur gilda. Ef ósamræmi er á milli viðauka við samninginn er forgangur viðauka settur fram í samningnum og ákvæði 2.4 í þessum almennu skilmálum. Samningur, þessir almennu skilmálar og allir viðaukar við samninginn (að undanskildum hugbúnaðarskilmálum) eru sameiginlega nefndir „Samningur aðila“.

## 2 ÞJÓNUSTA (THE SERVICE)

- 2.1 Þjónustan sem NTI veitir samkvæmt Samningi aðila getur falið í sér ráðgjöf og innleiðingu, hugbúnað, hugbúnað sem þjónustu („SaaS“), þjónustulínu, tækniástoð og vélbúnað (sameiginleg „þjónusta“) og verður tilgreind í samningi.
- 2.2 Að því marki sem þjónustan felur í sér NTI hugbúnað eða NTI SaaS („NTI hugbúnaður“), fær viðskiptavinurinn við greiðslu umsamins gjalds rétt til að nota NTI hugbúnaðinn í samræmi við gildandi skilmála og skilyrði fyrir NTI hugbúnað eins og lýst er á <https://www.nti-group.com/dk/software-terms-and-conditions/>.
- 2.3 Þjónustan gæti innihaldið hugbúnað frá þriðja aðila eða SaaS þriðja aðila („Third Party Software“). Að því marki sem þjónustan felur í sér hugbúnað frá þriðja aðila, fær viðskiptavinurinn við greiðslu umsamins gjalds rétt til að nota hugbúnað þriðja aðila í samræmi við gildandi skilmála og skilyrði fyrir hugbúnað þriðja aðila eins og vísað er til í samningunum.
- 2.4 Gildandi skilmálar og skilyrði fyrir hugbúnað frá þriðja aðila (Third Party Software) setja tæmandi reglur um alla þætti notkunar viðskiptavinarins á hugbúnaði frá þriðja aðila, gilda á milli aðila og ganga framar skilmálum sem koma fram í Samningi aðila. Gilda skilmálar og skilyrði samningsins á öllum sviðum, þar með talið að því er varðar réttindi, hugverkaréttindi, verðlagningu, riftun, samningsbrot, ábyrgð og skaðabótaskyldu.
- 2.5 Viðskiptavinur skal veita NTI allar upplýsingar, aðgang og samvinnu sem nauðsynleg er til að gera NTI kleift að veita þjónustuna.

## 3 RÉTTINDI (RIGHTS)

- 3.1 NTI ábyrgist að hafa tilskilin réttindi (annaðhvort eignar- eða leyfisréttindi) til að afhenda þjónustuna, þar á meðal nauðsynleg réttindi til að endurselja og nota hugbúnað frá þriðja aðila við veitingu þjónustunnar.

#### 4 HUGVERKA- OG EIGNARRÉTTUR (INTELLECTUAL PROPERTY RIGHTS)

- 4.1 Nema annað sé tekið fram í samningnum, er öll þjónusta sem unnin er samkvæmt samningnum, þar með talið allt efni, vörur, afhendingar, viðskiptahugmyndir, skriflegt efni og skjöl, notendahandbækur og þjálfunarefni sem NTI lætur viðskiptavinum í té samkvæmt Samningi aðila, og hvers kyns hugverkaréttur eða annar réttur honum tengdur, eign NTI og skal allur eignarréttur, og hagsmunir sem framangreindu tengjast, óskorað og ótakmarkað tilheyra NTI.

#### 5 VERÐLAGNING (PRICING)

- 5.1 Gjöld fyrir þjónustuna, hvort sem þau eru föst eða áætluðum tíma og verkefni, eru tilgreind í samningi.
- 5.2 NTI getur gert breytingar á gjöldum og kostnaði í samræmi við almennar reglur eða stefnu NTI á hverjum tíma um verðlagningu, þar með talið vegna verðbreytinga frá undirverktökum.
- 5.3 Reiknuð gjöld eru almennt á gjalddaga átta dögum eftir dagsetningu reiknings. Komi til greiðsludráttar getur NTI, án frekari fyrirvara, krafist vaxta í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, þ.m.t. dráttarvexti skv. III. kafla laganna.
- 5.4 Öll gjöld eru tilgreind í samningi án virðisaukaskatts og allra annarra gildandi skatta, gjalda eða skyldna sem skattyfirvöld leggja á. Viðskiptavinurinn ber einn ábyrgð á greiðslu allra slíkra skatta og annarra gjalda.
- 5.5 Afhending þjónustu er alltaf háð þjónustugjaldi að upphæð kr. 1870,- (ISK).

#### 6 UPPSÖGN EÐA RIFTUN (CANCELLATION)

- 6.1 Tilkynna skal NTI um afpöntun eða breytta tímasetningu á námskeiðum eða ráðgjafþjónustu með minnst 14 daga skriflegum fyrirvara.
- 6.2 Ef reynt er að breyta tímasetningu eða afpanta með skemmri fyrirvara en tilgreint er í grein 6.1, fellur gjald fyrir þjónustuna engu að síður til og getur NTI reikningsfært kostnað viðskiptavinar vegna fyrirhugaðs námskeiðs eða þjónustu.
- 6.3 Viðskiptamanni og NTI er heimilt að segja upp samningi um afhendingu vöru og þjónustu (fyrir utan Autodesk og annan hugbúnað frá þriðja aðila). Skal viðskiptavinur veita þriggja mánaða skriflegan fyrirvara áður en uppsögnin tekur gildi en NTI skal veita sex mánaða skriflegan fyrirvara áður en uppsögn tekur gildi, nema um annað sé samið.
- 6.4 Eftir að samningi hefur verið rift eða hann fallið úr gildi skulu ákvæði sem eðli sínu samkvæmt skulu vera áfram í gildi, t.d. vegna réttinda eða skyldna sem eru áunnin eða áfallin, sbr. grein 10 (Skaðabætur)<sup>10</sup>, gilda áfram.

#### 7 SAMNINGSBROT (BREACH OF CONTRACT)

- 7.1 Réttindi og úrræði samkvæmt íslenskum lögum skulu gilda um samninginn og standa hverjum samningsaðila til boða, nema að því marki sem vikið er frá slíkum reglum í samningnum.
- 7.2 Viðskiptavinur skal senda NTI skriflega tilkynningu eins fljótt og auðið er þegar honum verður

kunnugt um meint vanefnd eða annað samningsbrot..

- 7.3 Viðskiptavinur samþykkir að einungis vanefndir eða samningsbrot sem skriflega eru tilkynnt án tafar til NTI, og einungis ef slík atvik eru tilkynnt til NTI innan fyrstu 12 mánaða frá afhendingu viðkomandi þjónustu, er viðskiptavini heimilt að beita vanefndaúrræðum.. Þar með eru samningsaðilar sammála um að víkja frá íslensku lögnum, þ.m.t. að víkja frá 32. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (frestir til þess að bera fyrir sig galla).
- 7.4 NTI hefur hvenær sem er rétt til að bæta úr vanskilum með uppfærslu, viðgerð, umbótum eða viðbótaraafhendingu innan 3ja mánaða frá því að skrifleg tilkynning barst frá viðskiptamanni án þess að brjóta í bága við samning þennan.
- 7.5 Viðskiptavinur getur aðeins krafist hlutfallslegrar verðlækkunar ef um verulega vanefnd er að ræða sem NTI hefur ekki bætt úr í samræmi við ákvæði 7.4.

## 8 ÁBYRGÐ (LIABILITY)

- 8.1 NTI ber aðeins ábyrgð á beinu tjóni sem sýnt er fram á að ótvírætt megi rekja til vanefnda eða brota á Samningi aðila..
- 8.2 NTI ber í engu tilviki ábyrgð á óbeinu tapi, þar með talið, en takmarkast ekki við, afleitt tap, rekstartap, aukinn rekstrarkostnað, tap á hagnaði eða tapi eða kostnaði sem tengist glötuðum gögnum.
- 8.3 NTI ber í engu tilviki ábyrgð á tjóni sem verður vegna aðstæðna sem NTI hefur ekki stjórn á, þar með talið, og ekki takmarkað við, tjón af völdum hugbúnaðar eða vöru frá þriðja aðila eða annarra bilana frá þriðja aðila.
- 8.4 Heildarábyrgð NTI takmarkast við þóknun sem viðskiptavinur hefur greitt til NTI samkvæmt samningnum á undangengnum 12 mánuðum.

## 9 VÖRUÁBYRGÐ/SKAÐSEMISÁBYRGÐ (PRODUCT LIABILITY)

- 9.1 NTI ber ábyrgð á tjóni eða skaða af völdum gallaðrar vöru (eða þjónustu) samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991.

## 10 SKAÐABÆTUR (INDEMNIFICATION)

- 10.1 Viðskiptavinurinn skal verja NTI, og halda NTI skaðlausu gegn öllum kröfum þriðju aðila sem:
- 10.1.1 rætur eiga að rekja til þess að gögn viðskiptavina eða efni þriðja aðila sem NTI notar fyrir hönd viðskiptavinarins, brýtur gegn hugverkarétti þriðja aðila;
- 10.1.2 tengjast notkun á þjónustunni sem er ekki í samræmi við Samning aðila;
- 10.1.3 að öðru leyti tengjast notkun, hýsingu og/eða vinnslu NTI á gögnum viðskiptavinarins, hvers kyns þriðju aðila efni eða hvers kyns breytingum eða viðbótum við þjónustuna sem gerðar eru af eða fyrir hönd viðskiptavinarins sem eru ekki viðurkenndar og/eða studdar af NTI; og
- 10.1.4 stafa af broti viðskiptavinar á gildandi lögum og reglum, broti á lagalegum

réttindum annarra eða óviðkomandi aðgangi að eða truflun á þjónustu, gögnum, reikningi eða neti í tengslum við notkun þjónustunnar.

- 10.2 Viðskiptavinur skal halda NTI skaðalaus af hvers konar kröfum sem rætur eiga að rekja til ólögætrar notkunar viðskiptavinarins á þjónustu sem veitt er samkvæmt Samningi aðila, þ.m.t. hvers kyns tjónsbætur sem kunna að falla á NTI af slíkum ástæðum. Þá skal viðskiptavinur endurgreiða NTI allan útlagðan kostnað NTI vegna slíkra krafna og allan málskostnað sem til fellur ef NTI þarf að verjast slíkum kröfum.

## 11 FYRIRVARAR (DISCLAIMER)

- 11.1 NTI veitir ábyrgist að engu leyti gæði eða notagildi þjónustu sem veitt er samkvæmt Samningi aðila, nema að því marki sem beinlínis er tekið fram berum orðum í samningi aðila.
- 11.2 NTI ábyrgist ekki að þjónusta eða hugbúnaður muni „vinna með“ eða gangast við annan vélbúnað, hugbúnaðarkerfi, hugbúnaðarforrit, þjónustu eða gögn sem NTI hvorki selur eða þjónustar.

## 12 ÓVIÐRÁÐANLEG YTRI ATVIK (FORCE MAJEURE)

- 12.1 Hvorugur samningsaðili ber ábyrgð eða er á nokkurn hátt ábyrgur fyrir mistökum, frávikum eða töfum við framkvæmd Samnings aðila að því marki sem slíkar tafir, mistök eða önnur frávik sem eiga sér stað af orsökum eða ástæðum, eða vegna kringumstæðna, sem samningsaðili hefur ekki stjórn á vegna óviðráðanlegra ytri atvika, þar með talið en ekki takmarkað við, eldsvoða, flóð, aðrar náttúruhamfarir, stríð, verkfall utanaðkomandi, nema staðbundin verkföll sem hafa eingöngu áhrif á skipulag birgis, truflun á almenningssamgöngum eða fjarskiptum, óeirðir, heimsfaraldur, borgaralegar óeirðir og hryðjuverkaárásir, gjaldeyristakmarkanir, innflutningshöft, útflutningshöft, truflun eða bilun í orku framboð, opinber gagnakerfi og samskiptakerfi, vírusar, nethryðjuverk eða tölvuárásir sem ekki var með sanngjörnum hætti hægt að sjá fyrir og forðast.
- 12.2 Sá aðili sem verður fyrir áhrifum óviðráðanlegra ytri atvika skal án tafar tilkynna samningsaðila. Skyldur hlutaðeigandi aðila sem verða fyrir áhrifunum skulu stöðvaðar eins lengi og hið óvenjulega ástand ríkir. Samsvarandi skuldbindingar hins samningsaðilans skulu felldar niður í sama tíma.
- 12.3 Í slíkum óvenjulegum aðstæðum getur gagnaðili sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu ef ástandið ríkir eða búist er við að það standi lengur en í 90 daga.
- 12.4 Samningar við undirverktaka NTI, og eftir atvikum samningsbrot undirverktaka eða birgja, sem leiða til þess að NTI getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar við viðskiptamann án verulegs kostnaðar fyrir NTI, teljast einnig óviðráðanleg ytri atvik og hafa sömu réttaráhrif í samskiptum aðila og atvik sem falla undir grein 12.1.

## 13 TRÚNAÐUR (CONFIDENTIALITY)

- 13.1 Farið skal með trúnaðarupplýsingar, þar með talið allar upplýsingar sem skiptast á eða fluttar á annan hátt milli aðila, sem trúnaðarmál og skulu þær ekki birtar neinum þriðja aðila nema undirverktökum án skriflegs samþykkis hins aðilans.
- 13.2 Að því marki sem nauðsynlegt er mun NTI leggja sambærilega þagnarskyldu á undirverktaka sína.
- 13.3 NTI mun ekki nota viðskiptavininn sem tilvísun eða reynslusögu án samþykkis viðskiptavinarins.

## 14 PERSÓNUUPPLÝSINGAR (PERSONAL DATA)

- 14.1 Að því marki sem NTI vinnur með persónuupplýsingar skal NTI geyma, nálgast og vinna úr gögnum í samræmi við skilmála og skilyrði gagnavinnslusamnings sem gerður er á milli aðila.

## 15 UPPSAGNARFRESTUR (TERMINATION NOTICE)

- 15.1 Gildistími Samnings aðila er 1 ár, nema um annað sé samið. Samningurinn endurnýjast sjálfkrafa um eins árs tímabil til viðbótar, nema samningsaðili segi honum upp.
- 15.2 Viðskiptavinur getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til NTI með þremur mánuðum fyrir lok samningstímans.
- 15.3 NTI getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu með sex mánaða fyrirvara.
- 15.4 Uppsögn eða ógilding samningsins skal ekki hafa áhrif á nein réttindi, skyldur eða skuldbindingar, sem hafa áunnist eða eru áfallin, og eðlilegt er að gildi áfram þótt gildistími Samningsaðila sé liðinn, t.d. krafa um skaðabætur sem rætur rekur til atvika á gildistíma samningsins.

## 16 ALMENN ÁKVÆÐI (GENERAL PROVISIONS)

- 16.1 Samningsaðilar staðfesta að hafi fullt gildi þeirra í milli, og lýsi öllum skilmálum sem gilda þeirra í milli um þjónustu sem veitt er á grunni samnings þessa..
- 16.2 NTI áskilur sér rétt til að breyta skilmálum samningsins þessa. Ef slíkar breytingar þykja mikilvægar mun NTI upplýsa viðskiptamann um breytingarnar með tölvupósti og munu breytingarnar taka gildi við samþykki viðskiptavinarins. Áframhaldandi notkun viðskiptavinarins á þjónustunni eftir slíkar breytingar felur í sér viðurkenningu og samþykki á breyttum skilmálum samningsins.
- 16.3 Ef einhverjir skilmálar, ákvæði eða hluti samningsins dæmdur ógildur af dómstól eða valdbæru stjórnvaldi, mun það sem eftir er af samningnum, eftir því sem við á, halda fullu gildi að öðru leyti og vera aðfararhæfur að því marki sem lög leyfa. Teljist ákvæði samningsins ógilt samkvæmt framangreindu skulu samningsaðila semja nýtt ákvæði sem kemur í stað þess ógilda, ef þess er kostur, sem hafa skal sömu fjárhagslegu áhrif, eða eins lík og mögulegt er, og að var stefnt með hinu ógilda ákvæði.
- 16.4 Aðilar eru sjálfstæðir samningsaðilar. Samningurinn stofnar ekki til samstarfs umfram það sem nefnt er í samningnum, til sérleyfis, samreksturs, umboðs-, trúnaðar- eða ráðningarsambands milli samningsaðila.

## 17 VERKEFNI (ASSIGNMENT)

- 17.1 Viðskiptavinur getur ekki framselt samning þennan eða réttindi eða skyldur samkvæmt honum nema með skriflegu samþykki NTI.

## 18 DEILUMÁL OG VARNARÞING (GOVERNING LAW AND VENUE)

- 18.1 Um viðskiptin milli NTI og Viðskiptavinar gilda íslensk lög.

- 
- 18.2 Öll deilumál skulu leyst í vinsemd milli samningsaðilanna sé þess kostur.
  - 18.3 Rísi mál út af viðskiptasamningum NTI ehf. og/eða almennum skilmálum félagsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

31. DESEMER 2023